

STARFSLEYFI

Fiskimjölsverksmiðja

Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28, Vestmannaeyjum
Kt.: 660169-1219

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf., Strandvegi 28, Vestmannaeyjum. Ísfélag Vestmannaeyja hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. grein reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að **1.200 tonnum** af hráefni á sólarhring. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „*BAT Best Available Technology in the Fishing Industry, TemaNord 1997:579 © Nordic Council of Ministers, Copenhagen 1997*““. Lýsingar á mengunarvörnum finnast einnig í „*Best Available Techniques (BAT) in Nordic Slaughterhouses, Bat-report TemaNord 2001:553*“ og „*Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC)*““. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 18. grein reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. grein reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar, og fjalla annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn. Þar sem um er að ræða árstíðabundna starfsemi skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila hvenær vertið hefst og hvenær henni lýkur.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. grein reglugerðar nr. 785/1999. Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fiskimjölsverksmiðja séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. grein 1.3.

1.7 Breyttar forsendur

Ef eftirfarandi aðstæður skapast;

- mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,
- fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,
- breytingar verða á bestu fáanlegu tækni,

getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. grein reglugerðar nr. 785/1999.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1.mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkallað starfsleyfi reksturs.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður opinberlega skv. grein 4.7. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. VARNIR GEVN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

2.1 Löndun

Löndunarþúnaður skal vera þettur. Allt löndunarvatn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlæð í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 2.16.

2.2 Uppsjávarfiskur

Magn reikulla basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju skal ekki fara upp fyrir 100 mg N/100 g (sjá fylgiskjal). Ef TVN gildi fer yfir 100 mg N/100 g, gilda ákvæði í 2. mgr. gr. 2.9.

Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni. Sé ekki hægt að koma því við skal rotverja eða ísa afla við löndun. Þetta gildir þó ekki um afla á vetrarvertíð sem unnin er innan þriggja sólarhringa frá veiðum.

2.3 Afskurður/ aukaafurðir

Afskurður og fráflokkaður fiskur/aukaafurðir skulu tekna til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Hráefnið skal rotvarið, ísað eða kælt í eftirfarandi tilfellum:

- Ef það er flutt frá fiskvinnslustöð þegar meira en sólarhringur er liðinn frá því að það fellur til.
- Ef líkur eru á að vinnsla aflans í verksmiðju dragist meira en þrjá sólarhringa.

Afskurð og fráflokkaðan fisk/aukaafurðir skal vinna jafnóðum og þær berast ef vinnsla á bræðslufiski er í gangi. Verksmiðjan skal bræða hráefnið innan sjö daga frá móttöku sé þess nokkur kostur.

2.4 Flutningstæki og hráefnismóttaka

Rekstraraðili, eða verktaki á hans vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum þ.e. afskurði og fráflokkuðum fiski/aukaafurðum. Þó er heimilt að taka á móti afskurði og fráflokkuðum fiski/aukaafurðum frá fisksölum og fiskvinnslum sem staðsettar eru nálægt verksmiðju, enda uppfylli hráefnið mörk fyrir TVN gildi. Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á hráefninu skulu vera lokað og þétt. Hráefnismóttaka og flutningstæki skulu vandlega þrifin strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal hreinsað með hreinsibúnaði t.d. safn- og fitugildru.

2.5 Hráefnisgeymslur

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vöki frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í grein 2.16. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolon og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstdælum.

Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrífa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

2.6 Blóðvatnsgeymar

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allan vökva sem til fellur við löndun, hreinsun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til að vöki úr yfirföllum geyma fari í gegnum sérstakan hreinsibúnað eða í gegnum fitugildru áður en hann berst til sjávar.

2.7 Rot- og þráavörn

Rot- og þráavarnarefnir skulu vera jafndreifð og leitast skal við að nota sjálfvirkan skömmunararbúnað.

2.8 Olíugeymar

Meðferð olíu skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

LOFT

2.9 Loftmengun

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri.

Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í grein 2.2 skal rekstraraðili meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er.

Losun frá olíubrennurum:

Fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk.

Efnispáttur	Losunarmörk mg/Nm ³ *	Tímabil meðaltals
Ryk	100	1 sólarhringur

* Gildir fyrir 3% súrefnisinnihald (O_2) af rúmmáli.

2.10 Loftræsting frá tækjum og húsnæði

Afsog skal vera frá öllum tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Loftræsta skal frá tækjum í mjölvinnslu svo sem mjölkvörn og mjölkæli og loftið tekið í gegnum hreinsibúnað. Loftræstingu frá tækjum skal hanna á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti

sé dregið með, þó þannig að það sé undirþrýstingur á húsinu. Leita skal markvisst leiða til að halda stöðugum undirþrýstingi á húsinu við vinnslu. Ræstiloftið skal flutt til lyktareyðingar. Loft sem notað er til kælingar á mjöli skal rykhreinsað. Afsog frá öðrum tækjum til meðhöndlunar á mjöli skal einnig rykhreinsað.

2.11 Útblástursloft þurrkara

Loft frá gufuþurrkurum skal endurnýta t.d. með því að leiða það í gegnum glatvarmatæki, og eyða í því lykt. Loft frá loftþurrkurum skal leiða í gegnum rykhreinsibúnað t.d. sýklóna og síðan til lyktareyðingar.

2.12 Hreinsun útblásturslofts

Hreinsa skal allt útblástursloft frá gufuþurrkara og afsogsloft frá vinnsluferlum. Kæla skal loftið vel, til dæmis með sjó í sjóturni og eyða lykt í efnaturali með klórefnum eða með annari jafn virkri aðferð svo sem brennslu í brunahólfvi við 800°C í a.m.k. 1/3sek.

2.13 Skorsteinn

Að lokinni eyðingu lyktar skal leiða útblástursloft út í gegnum skorstein sem er ekki lægri en ein og hálf húshæð miðað við gólfhlöt verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa og í nægilegri hæð til að ekki sé stuðlað að niðurdrætti. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins. Í því tilviki þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

VATN

2.14 Soðeimingartæki

Soðeimingartæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum og skal ekki ofhlaða þau. Allt soðvatn skal nýta.

2.15 Hreinsivökvi

Þegar notuð eru ætandi efni, svo sem vítissódi og saltpéturssýra, til hreinsunar á tækjabúnaði t.d. soðkjarnatækjum og skilvindum, skal hreinsivökvanum dælt í geymi og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera innan þeirra marka sem fráveitan er gerð fyrir.

2.16 Hreinsun frárennslis frá vinnslu

Frárennslí frá löndunarbúnaði, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálvhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni. Eftir uppsetningu hreinsibúnaðar skal mæla fitu, svifefni og COD í frárennslí hans til að staðfesta virknina.

Annað frárennslí verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennslí frá gólfum, plönum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

Frárennslí skal uppfylla skilyrðin sem fram koma í grein 2.17. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma þar getur Umhverfisstofnun krafist frekari hreinsunar á frárennslí.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. grein reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

2.17 Losunarmörk á frárennslí

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn:

Efnispáttur	Losunarmörk	Tímabil meðaltals
Fita (oil & grease)	100 mg/l	1 sólarhringur
Svifefni	300 g/t hráefnis*	1 sólarhringur
COD(efnafræðileg súrefnisþörf)	1,5 kg/t hráefnis*	1 sólarhringur

* Miðað við heildarlosun frá verksmiðjunni, en heimilt er að draga frá magn þessara efna í sjó sem tekinn er inn í fráveitu.

2.18 Annað frárennslí

Frárennslí frá snytingum skal leiða í almenningsfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennslí í hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

ÚRGANGUR

2.19 Almennt

Stuðlað skal að endurnýtingu og draga skipulega úr myndun úrgangs. Úrgangi skal komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

ANNAÐ

2.20 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)L_{Aeq} á íðnaðarsvæði og 55 dB(A)L_{Aeq} í íbúðabyggð.

2.21 Lýsisgeymar og lekavarnapró

Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Hafi rekstraraðili aðgang að olíuflotgirðingu, sem er a.m.k. 130 metrar að lengd, til að hefta útbreiðslu lýsis sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í 60%. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á því að notkun flotgirðingar sé æfð á a.m.k. 5 ára fresti.

Á frárennslí þróar skal vera lokunarbúnaður af viðurkenndri gerð og hann þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjasí. Lokinn skal standa lokaður nema þegar þróin er tæmd.

2.22 Athafnasvæði

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Ekki skal geyma vélarhluta eða annað lauslegt dreift um rekstrarsvæðið og fiskúgang skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir við verksmiðju og plón við verksmiðjudyr skulu lagðar bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi.

2.23 Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og önnur svæði

Gólfí í verksmiðjuhúsi og öðrum svæðum sem geta lyktað, skal haldið hreinum. Gera skal hreinlætisáætlun til að sporna gegn lykt í verksmiðjuhúsum og utan þeirra.

2.24 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunarhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 4.4.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Notkun efna sbr. gr. 2.24, þar með talin rotvarnarefni og efni notuð í efnaturni.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunarhöpp og viðbrögð við þeim.
- Framkvæmd hreinlætisáætlana skv. grein 2.23.

3.2 Eftirlitsmælingar

Gera skal eftifarandi mælingar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu og skulu niðurstöður vera aðgengilegar og sendar eftirlitsaðila:

- Ástand landaðs hráefnis t.d. hitastig og TVN gildi.
- TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu skal mæla að lágmarki einu sinni á dag, á föstum fyrirfram ákveðnum tímum, t.d. í byrjun vakta og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm. Taka skal fleiri mælingar sama dag ef TVN gildið fer yfir 100 mg N/100 g. Mæliniðurstöður skulu ávallt vera aðgengilegar eftirlitsaðila og skulu niðurstöðurnar sendast eftirlitsaðila eftir hverja vertíð.
- Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir

1.maí ár hvert. Mælt skal í frárennslí frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi og skal viðeigandi aðstaða fyrir sýnatöku vera til staðar. Einnig er heimilt að mæla fitu, svifefni og COD í sjó sem tekinn er inn í fráveitu og fá þannig út losun sbr. losunarmörk í grein 2.17.

- Framkvæma skal rennislismælingar í frárennslí á sama tíma og sýnataka fer fram.
- Rekstraraðili getur látið mæla BOD í stað COD, kjósi hann svo, og skal þá skila útreiknuðu COD-gildi til eftirlitsaðlila auk hins mælda gildis.
- Eftirlitsaðili getur jafnframt farið fram á mælingar á sýrustigi við losun sýru og víttissóda í frárennslí telji hann ástæðu til.
- Mælingar á útblásturshraða í skorsteini sbr. grein 2.11. Mæla skal útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2016. Sé útblásturshraði nægjanlegur þarf ekki að endurtaka mælinguna á starfsleyfistímanum, nema gerðar verði breytingar sem ætla má að geti valdið breyttum útblásturshraða.
- Framkvæma skal mælingar á ryki í úblæstri allra olíubrennara fyrir árslok 2014 og getur Umhverfisstofnun krafist frekari mælinga, þyki ástæða til.

3.3 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Eftirlitsmælingum í grein 3.2 skal skilað með grænu bókhaldi. Rekstraraðili skal einnig færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.

3.4 Hávaði

Eigi síðar en í árslok 2015 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. Mælingin skal gerð þegar verksmiðjan er í fullri starfsemi og miðast við það hvort fylgt sé kröfum í grein 2.20.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal tryggja gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfað samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. grein 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunarhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

4.6 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. grein laga nr. 33/2004.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur farið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits samkvæmt 3. mgr. 28. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

5. Umhverfisvöktun

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins og vöktunarkröfur vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að.

Umhverfisstofnun mun meta þörf á sérstakri vöktunaráætlun hverju sinni eða þátttöku rekstraraðila í sameiginlegum vöktunaráætlunum.

5.2 Mælingar á frárennsli

Rekstraraðili skal láta framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í samráði við Umhverfisstofnun. Mælingar skal gera á fitu, svifefni og COD og/eða BOD í sýnum sem tekin eru samhliða rennslismælingum. Úttektin skal taka fyrir vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Gera skal rennslismælingar í frárennslislögnum verksmiðjunnar annars vegar miðað við venjulega vinnslu og hins vegar við löndun. Mælingarnar skulu vera eins áreiðanlegar og kostur er og gera skal grein fyrir mæliaðferðum og atriðum sem geta haft áhrif á túlkun niðurstaðna og ráðstöfunum til að bregðast við skekkjuvöldum í mælingum, svo sem seltu og aðstæðum við rennslismælingar. Gæta skal að því að mæliraðir séu nógu langar til að forðast tilfallandi skekkjur og óvissu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggi fyrir. Við úttektina er heimilt að samnýta mælingar skv. grein 3.2.

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum þessarar úttektar fyrir 1. maí 2016 ásamt upplýsingum um heildarmagn unnins hráefnis þann tíma sem könnunin nær yfir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk skv. lið 1a í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 27. ágúst 2030.

Reykjavík 27. ágúst 2014

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Sigrún Ágútsdóttir
sviðsstjóri

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Mæla skal útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2016, skv. grein 3.2.
- Framkvæma skal mælingar á ryki í útblæstri allra olíubrennara fyrir árslok 2014 skv. grein 3.2.
- Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega samkvæmt grein 3.2 og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert
- Í grein 3.3 segir að skila skulu niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds árlega í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 851/2002 og 990/2008. Skiladagar eru fyrir 1. maí ár hvert.
- Eigi síðar en í árslok 2015 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni skv. grein 3.4
- Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum úttektar á frárennsli fyrir 1. maí 2016, skv. grein 5.2.
- Vinna skal að umhverfismarkmiðum fyrir rekstur verksmiðjunnar og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015. Markmiðin skulu endurskoðast á 4 ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Fylgiskjal

Ákvörðun losunarmarka:

- i. Mörk í grein 2.2 fyrir reikula basa í hráefni eru ákvörðuð út frá því að brennisteinsvetni byrjar að myndast í fiskhráefni við TVN gildi 50 - 100 mg N/100 g (Reference Document on Best Available Techniques in the Slaugtherhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC), bls. 321).
- ii. Losunarmörk á ryki í grein 2.9 eru sett 100 mg/Nm³, sem eru þau mörk sem að olíubrennari í viðunnandi ástandi ætti að geta náð.
- iii. Losunarmörk á fitu (oil & grease) í grein 2.17 eru þau sömu og í sambærilegum norscum leyfum (<http://www.norskeutslipp.no/no/Diverse/Virksomhet/?CompanyID=5336>).
- iv. Losunarmörk á svifefni í grein 2.17 eru þau sömu og í sambærilegum norscum leyfum (<http://www.norskeutslipp.no/no/Diverse/Virksomhet/?CompanyID=5336>).
- v. Losunarmörk á COD í grein 2.17 eru eins og í sambærilegum leyfum.